

Engir nema Sunnlendingar á verðlaunapalli í Bikiníbotnum

Helgina 7.-9. október sl. var hóvenju stór hópur íslenskinga staddur í Bikini Bottoms OffRoad Park í Dyersburg Tennessee í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Tilefnið var torfærukeppni sem innihélt 16 bíla sem komu í 4 gámum frá Íslandi með Eimskipum. En nokkur hundruð Íslendingar fjölmenntu á keppnina sem haldin var í fjórða sinn í ár. Í þremur efstu sætum eftir helgina voru þeir Geir Evert Grímsson á Sleggjunni í 1. sæti, Ingvar Jóhannesson á Víkingnum í 2. sæti og Guðmundur Elíasson á Ötemjunni í 3. sæti, en allir eiga þeir það sameiginlegt að vera Sunnlendingar. Nánar verður fjallað um torfæruna í næstu Dagskrá.



Myndir: Heiða Björg Jónasdóttir



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, óvarpar hátíðargesti. Mynd: Aðsend.

Elsti barnaskóli á Íslandi hélt upp á 170 ára afmæli

Um helgina var haldin afmælishátíð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri í tilefni 170 ára afmælis skólans þann 25. október 2022. Samkoman var vel sótt af fólkinu í samfélaginu og starfsmenn skólans voru í skýjunum með daginn. Dagskráin var vegleg þar sem forseti Íslands, bærarstjóri Árborgar og fleiri góðir gestir ávörpuðu samkomuna. Boðið var uppá tónlistaratriði frá leik-

skólanum, nemendum barna- og tónlistarskólans og nemendum í 5. bekk voru með atriði úr leik-sýningunni Blái hnötturinn. Ýmsir aðilar færðu skólanum góðar gjafir. Kvenfélag Stokks-eyrar bauð uppá þjóðlegar veit-ingar í lok samkomunnar og gestir röltu um skólann þar sem búið var að hengja upp gamlar ljósmyndir og gamlir og nýir munir voru til sýnis.

**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla](https://www.facebook.com/keysrla)

Túnpökusala Oddsteins

Lóðapökur - Fótboltagras Golfvallargras

Sími 663 6666 - tso@tso.is - www.tso.is



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is




Mynd: Dagskráin/HGL

Pakkhúsið býður upp á hópastarf fyrir einmana ungmenni sem vilja styrkja sig félagslega

Pakkhús er ungmennahús, ætlað ungmennum á aldrinum 16-25 ára. Hlutverk Pakkhússins er tvíþætt, annarsvegar að bjóða ungmennum upp á frístundir sem hafa forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þess að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á fjölbreytileikann og að öll upplifi sig velkomin.

Dagbjört Harðardóttir, forvarnarfulltrúi hjá Sveitarfélaginu Árborg heldur utanum starfsemi í Pakkhúsinu.

„Við höfum fundið fyrir því í samfélaginu að það vanti úrræði fyrir þennan aldur, sérstaklega þá fyrir ungmenni sem finna sig ekki annarsstaðar, eru einmana eða eiga við einhverja félagslega erfiðleika að stríða. Við leggjum mikið upp úr því að vera þetta rólega, góða og örugga umhverfi þar sem öll ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við erum með tvö opin kvöld í viku, á mánudags- og miðvikudagskvöldum, síðan erum við með ýmis konar hópastarf. Til dæmis eru þar hlutverkaspilahópur, hinsegin hittingar á fimmtudögum á milli 20-22. Síðan vorum við að byrja með nýtt hópastarf

sem er á mánudögum frá 17-19. Því hópastarfi er beint til þeirra sem upplifa sig einmana og/eða vilja styrkja sig félagslega í öruggu umhverfi. Það er rosalega mikið að gerast í samfélaginu, við erum öll að byggja okkur upp eftir Covid og við þurfum að efla virkni, sérstaklega hjá þessum hópi, sem hefur misst mikið útúr og jafnvel einangrast meira en aðrir aldurshópar.“

Dagbjört vill hvetja öll sem gætu haft áhuga á að taka þátt í starfinu til að kíkja í Pakkhúsið. Einnig er hægt að hafa samband og sjá dagskrá á Facebook og instagram Pakkhússins. **HGL**

Mögnuð þrívíddarupplifun á Selfossi

Martina Guðsteinsson er listamaður mánaðarins í október hjá Gallery Listaseli á Selfossi og framundan er lokahegri sýningarinnar.

Martina hefur stundað nám í Myndlistarskóla Kópavogs og Myndlistarskóla Reykjavíkur og

hefur málað með olíu síðastliðin 11 ár. Hún er búsett í Hveragerði og er með vinnustofu þar. Martina starfar sem leiðsögumaður og ferðast þess vegna mikið í íslenskri náttúru sem veitir henni innblástur. Á sýningunni býður hún upp á einstaka upplifun þar

sem gestum býðst að skoða málverkin í þrívídd með sérstökum þrívíddargleraugum en nánar er fjallað um þá upplifun á heimasíðu Martinu: <http://martina.is/paintings/paintings-3d>. **HGL**



Martina Guðsteinsson. Mynd: Dagskráin/HGL



OKTÓBERFEST

20% AFSLÁTTUR AF BOLUM OG TÚNIKUM

FRÁ 27. OKT.
TIL 2. NÓV.

AFSLÁTTARKÓDI Á
TISKUVERSLUN.IS ER
BOLIR20



LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Hræðileg vika í Þorlákshöfn

Skammdegishátíðin Polló-sween hóf göngu sína á mánudag og stendur fram á laugardagskvöld. Á dagskránni í ár eru eins og áður viðburðir fyrir alla aldurshópa og fastir liðir eins og skelfilega skrautsmiðjan þar sem bæjarbúar hittast til að skera út grasker og fleira, skelfileg sundstund, barnaviðburðurinn grafir og bein og auðvitað grikk eða gott á sínum stað. Til viðbótar má nefna hrekkja-jazz tónleika, hryllingssögukeppni nemenda í Grunnskóla Þorlákshafnar, taugatrekkjandi flóttaherbergi (escape room) sem er unnið í samstarfi við björgunarsveitina, miðilsfund í Versölum og draugahús sem að þessu sinni er haldið á efstu hæð í húsnæði sögufræga fiskvinnsluhússins sem síðast hét Frostfiskur. Hæðin sem áður var verbúð hefur nú verið breytt heimsklassa draugahús en unnið hefur verið að því síðasta mánuðinn enda stórt og gott rými sem nefndin hafði til að vinna úr. Hugrökku gestirnir sem koma í draugahúsið á föstudagskvöldið ganga í gegnum ólíkar leikmyndir þar sem fjölmargar skuggalegar verur leynast. Þetta er sannarlega skelfileg leikhúsupplifun!

Hátíðin klárast á laugardagskvöldið þegar kyngimagnað Nornapíng verður haldið, sá viðburður er eingöngu ætlaður nornum. Þar verður Pálinuboð, Blush heldur kynningu, Guðrún Árný sér svo um að hita alla upp fyrir rosalegt karaoke party með Daníel Hauk. Miðasala á Nornapíngið fer fram á Kaffiskjóðunni. Nánar má lesa um það og alla aðra viðburði á Facebook-síðu Pollóween.

Þetta er í fimmta sinn sem Pollóween er haldið í Þorlákshöfn og sem fyrr er það vaskur hópur kvenna sem stendur að hátíðinni, sér um allt skipulag, framkvæmd og fjármögnun en Sveitarfélagið Ölfus styður við hátíðina og styrkir hana um 500.000 kr.

Eins og áður taka stofnanir og fyrirtæki í bænum virkan þátt í hátíðinni, bæði leikskólinn Bergheimar og Grunnskólinn í

Þorlákshöfn, bókasafn Ölfuss, Björgunarsveitin Mannbjörg og Slysavarnafélagið Sigurbjörg, Sundlaug Þorlákshafnar, Kaffiskjóðan, Cafe Bristól, frístundaheimilið, félagsmiðstöðin og fleiri.

Verið öll hræðilega velkomin!



Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN



Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001



Bjartaland í Flóahreppi

Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu jörðina Bjartaland í Flóahreppi örstutt frá Selfossi. Afar glæsilegur húsakostur og landstærð 46,4 hektara eignarland.

Íbúðarhús á einni hæð 158,2 m² byggt 2010, skiptist í anddyri, stofa, eldhús, gott baðherbergi, þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol, þvottahús og geymslu.

Glæsileg 700 m² reiðskemma byggð 2011 og einnig 279 m² bygging sem er skráð sem hesthús, þar er innréttuð u.þ.b 53 m² gestaíbúð og um 63 m² tækjageymsla, u.þ.b. 57 fermetra hlaða og hesthús 63 fermetra fyrir 10 hesta.

Eignin er öll hin glæsilegasta enda allt nýlegt og gefur húsakostur möguleika á margs konar nýtingu ef það hentar. Sjón er sögu ríkari.

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Líf og fjör í sveitarfélaginu okkar

Það hefur verið líf og fjör í Sveitarfélaginu Árborg það sem af er október. Menningar- mánuðurinn, sem nú er haldinn í þrettánda skipti, hefur blómstrað og aldrei fleiri viðburðir verið í boði. Það hefur verið ánægjulegt að hitta svo mörg ykkar á förunum vegi á mörgum þessara skemmtilegu og fróðlegu viðburða. Ég hvet alla íbúa til að kynna sér dagskrána inn á heimasíðu Sv. Árborgar www.arborg.is enda af nægu að taka allt til loka mánaðarins.

Tilraunaboranir og breytt sorphirða

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á síðasta fundi sínum framkvæmdaleyfi til Selfossveitna um tilraunaboranir innan Selfoss. Áður hafa verið borðaðar sambærilegar holur við Ölfusá sem gáfu vísbendingar um möguleg svæði til vinnslu á heitu vatni. Er þessu verkefni ætlað að fylgja þeim rannsókn- um eftir. Um er að ræða svæði fyrir neðan Tryggvaskála, Móa- veg og við enda Starmóa.

Sorphirða í sveitarfélaginu mun taka breytingum um næstu áramót þegar ný lög um sorphirðu taka gildi á Íslandi. Árborg mun þá taka upp fjögurra tunnu kerfi sem þýðir að heimili verða með svarta tunnu undir almennt sorph, bláa tunnu undir pappu, græna undir plast og brúna undir lífrænan úrgang. Vinna við nánari útfærslu fyrir heimili og fjölbýli stendur yfir hjá sveitarfélaginu og munu íbúar hafa einhverja valmöguleika, svo sem um stærðir og tvískipta tunnu fyrir pappu og plast. Fyrirhuguð breyting verður kynnt íbúum fljótlega eða um leið



og útfærslan liggur fyrir. Samhliða þessum breytingum verða grenndarstöðvar efldar ásamt því að íbúar hafa nú þegar aðgang að frímiðum á gámasvæði sveitarfélagsins í gegnum vefsvæðið Mín Árborg.

Hátt vaxtastig og verðbólga hefur áhrif

Sveitarsjóður fer ekki varhluta af því frekar en fyrirtæki eða heimili að finna fyrir hækkandi vöxtum og verðbólgu. Við kynningu á átta mánaða uppgjöri er aðalsjóður sveitarfélagsins 180 milljónum yfir áætlun sem gerði ráð fyrir 2,1 milljarðs króna halla á því tímabili. Skýrist það að stærstu leyti af auknum fjármagnskostnaði og hækkun útgjalda í fræðslumálum. Það helgast að hluta til af Covid, fyrri hluta ársins og hraðari fjölgun nemenda í leik- og grunnskólum.

Á næstu vikum fer sveitarfélagið í skuldafjárútböð en samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir

árið 2022 er gert ráð fyrir að fá þannig um 1,8 milljarð króna til að klára fjármögnun ársins. Það leynist engum að nú eru ekki heppilegir tímar til að fara í slíkt útböð. Engu að síður er ætlað að sveitarfélaginu bjóðist ágætis kjör á markaði. Þessi staða gerir því miður allar forsendur til fjárhagsáætlunar ársins 2023 erfiðari, en bæjarfulltrúar og starfsmenn vinna nú hörðum höndum að framsetningu slíkrar áætlunnar.

Ég vil nú enda þennan pistil á jákvæðum nótum en Sveitarfélagið Árborg fékk á dögunum endurvottun á jafnlaunakerfinu þar sem fram kom að enginn launamunur er á milli kynja hjá sveitarfélaginu. Þennan góða árangur má þakka endurbættum ferlum við launasetningu, fræðslu og aukinn stuðning til stjórnenda.

Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



Inga Línberg er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Takk fyrir Sigurður Sæmundsson að hafa trú á mér að koma með eitthvað ætílegt á eftir svona kræsingum sem þú berð fram. Ég er frekar hversdagsleg og gamaldags þegar kemur að matargerð. Ég fann fiskrétt sem kemur oft á óvart, svo verð ég með deserköku sem er matarmikil af því mörgum finnst fiskur svo léttur í maga og gott að fá kaffi á eftir.

Fiskréttur í beikonsósu með banönum

600 g ýsu- eða karfaflök
Hveiti
Salt
Pipar
Olía til steikingar
2 bananar

Sósa

6 beikonsneiðar
1 laukur
250 g sveppir
1-2 tsk. karri
½ dl vatn
1 dl rjómi
Salt
Pipar

Roðflettið fiskflökin og skerið í hæfilega bita. Setið hveiti á disk og kryddið með salti og pipar, veltið fisinum upp úr hveitinu. Steikið fiskinn í matarolíu og setjið hann á fat. Haldið honum heitum í ofni. Afhýðið og sneiðið banana. Brúnið þá augnablik í matarolíu og setjið ofan á steikta fiskinn.

Skerið beikonið í litla bita og laukinn smátt. Sneiðið sveppina. Steikið beikonið á þurri pönnu. Bætið lauknum



út á pönnuna og því næst sveppunum. Stráið karri yfir. Hellið vatni og rjóma á pönnuna og smakkið til með salti og pipar. Berið fiskinn og sósuna fram með kartöflum eða hrísgrjónum.

Ávaxtakaka með rjóma

150 g smjör
200 g sykur
4 egg
200 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
2 tsk. vanillussykur
½ dós ferskjur, ananas eða apríkósar
2 græn epli
100 gr rúsínur
100 g súkkulaði
½ l rjómi

Hrærið vel saman smjör, sykur og egg, látið egginn út í eitt í einu. Brytið ferskjurnar, eplin og súkkulaðið og blandið saman við hveitið ásamt rúsínum, lyftidufti og vanillussykri. Hrærið hveitiblöndunni saman við smjörhræruna með sleif, þannig að þær blandist vel. Bakið kökuna í vel smurðu eldföstu móti (upb 20x30 sm.) við 170°C í u.þ.b. 30 mín. Berið kökuna fram volga með þeyttum rjóma.

Ég skora síðan á Ólaf Högnason að galdra fram eitthvað ómótstæðilegt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánuðegi.

Alzheimer kaffi næsta þriðjudag

Þriðjudaginn 1. nóvember nk. kl. 17:00 verður alzheimer kaffi í húsnæði Vinaminnis, Vallholti 19 á Selfossi. Alzheimer kaffi er fyrir fólk með Alzheimer og aðra heilabilunarsjúkdóma og aðstandendur þeirra. Í kaffinu verður fræðsla frá Alzheimer samtökunum, tónlistaratriði, kaffi og spjall. Kaffigjald er 500 kr.

Hlökkum til að sjá sem flesta og eiga notalega stund saman.

Fréttatilkynning frá alzheimersamtökunum.



Mynd: Freepik

Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Á vertíðinni efstur er og við pípu kenndur sá. Sumum löndum fyrir fer, finnst svo spilaboði á.

Svar við gátu í blaði 2671: DREKI

1. Skriðdreki - 2. Sporðdreki
3. Flugdreki - 4. Netadreki á þorskanetum



Hannaðu það sjálfur!

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X





SVIÐIÐ

SELFOSSI

Til hamingju Sunnlendingar!

Það er okkur sönn ánægja að kynna tónleikastaðinn Sviðið sem opnar í nýja miðbænum á Selfossi, laugardaginn 29. október næstkomandi.

NÆST Á SVIÐ



STUÐMENN
GESTASÖNGVARI
HELGI BJÖRNS

29. október | kl. 21:00

TVÍHÖFÐI



10. nóvember

STUÐLABANDIÐ



24-25. nóvember

ÁMS & PAPAR



3. desember

JÓL & NÆS



15. desember

Nánar á svidid.is

Arabísk leiðsögn um Listasafn Árnesinga

Þann 29. október kl 14:00 mun Listasafn Árnesinga í Hveragerði bjóða upp á leiðsögn um sýninguna Summa & Sundrung á arabísku.

Yara Zein mun leiða um sýninguna en sjálf er hún myndlistarkona sem er fædd og uppalin í Líbanon en er nú búsett á Íslandi. Með þessum viðburði er markmiðið að ná til arabískumælandi Íslendinga og kynna fyrir þeim listasafnið, sögu þess og tilurð auk leiðsögn um yfirstandandi sýningu.

Tilgangurinn með leiðsögninni er að veita þessum hópi samfélagsins vettvang til að njóta listar og menningar á sínu tungumáli.

A sýningunni Summa & Sundrung sýna Steina og Woody

Vasulka verk sín auk Gary Hill. Öll voru þau frumkvöðlar í vídeolist á sínum tíma og sýningin spannar breitt tímabil í feril þeirra.

Bakgrunnur Yöru er einnig í vídeolist og hefur hún því góða innsýn og skilning á miðlinum og er mikill kostur að fá hana til að fjalla um sýninguna á sínu tungumáli.

Listasafnið vill tengja anga sína út til allra hópa samfélagsins og fagnar öllum gestum sem koma úr ólíkum áttum sem sækja safnið.

„Við hvetjum alla sem hafa tengsl við arabískumælandi fólk að láta þau vita og hvetja þau til að koma,“ segir í tilkynningu frá listasafninu.



جولة إرشادية في المعرض باللغة العربية



Stekkjaskóli - Íþróttakennari óskast

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í dag fer starfið fram í færanlegum kennslustofum og í lok árs verður tekin í notkun 1. áfangi nýbyggingar skólans. Í dag er 171 nemandi í skólanum í 1.-5. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag.

Óskað er eftir íþróttakennara í 100% starfshlutfall frá 1. janúar 2023, eða eftir samkomulagi, til að kenna íþróttir og sund. Leitað er eftir áhugasömum og framsæknum kennara.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara/ íþróttakennara
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni og áhugi á skólastarfi
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ v/FG. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480-1600 / 863-0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480-1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, námsferilsvottorð, starfsvottorð frá fyrri vinnuveitendum og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is/>. Allar umsóknir eru gildar í sex mánuði.

Lama

Uppskrift að peysu úr ELSA sem er burstað alpaka garn frá Permin, lausspunnið og lítillega misþráða. 57% ull, 43% eðal alpaka. Það fæst í nokkrum mjög fallegum litum. Alpaka ullin er af lamadýrum og er gædd mörgum góðum eiginleikum.

Uppskriftin er í small/medium. Víddin 110 sm. Peysan er prjónuð neðanfrá og upp með einföldu stroffprjóni og úrtakan er tilbrigði við laska. Kraginn getur verið lengri eða styttri eftir smekk og síddina má líka hafa meiri.

Í peysuna fóru 5 dokkur. Hringprjónar 40 og 80 sm no 5 og 7 og 60 sm no 7. Sokkaprjónar eða Crazy Trio no 5 fyrir stroff á ermum. Prjónamerki, fjögur í tveim litum, hér gul og græn, fyrir merkingar við laska. Nokkur prjónamerki í öðrum litum. Fimm geymslunælur, þar af ein lengri.

LV - þegar tvær lykkjur eru eftir að gulu prjónamerki. Taka 1 l fram af prjóninum óprjónaða, prjóna næstu l slétt og bregða óprjónuðu lykkjunni yfir.

LH - þegar komið er að grænu prjónamerki eru tvær lykkjur prjónaðar saman slétt.

Úrtökur felast þannig í því að prjóna saman tvær lykkjur slétt þannig að lykkjan frá erminni eða bolnum leggst yfir lykkjuna í laskanum.

Uppfitið er kallað Italian tubular cast on og á þessari vefsíðu er gott myndband fyrir þá sem vilja nota það. <https://www.youtube.com/watch?v=9T0TsGMhG3c>

Bolur

Fitjið upp 168 l á prj no 7 og prjónið sl og br þar til bolur mælist 32 sm. Prjónið 3 lykkjur og setjið síðustu 7 lykkjurnar á geymsluprjón (fyrsta og síðasta lykkjan er slétt). Prjónið áfram 84 lykkjur og setjið aftur síðustu 7 lykkjurnar á geymsluprjón. Klárið umferðina sem endar vinstra megin á bakhluta. Það eiga að vera 77 lykkjur á hvorum bolhluta.

Ermar

Fitjið upp 40 l á prj no 5 og prjónið sl og br 9 sm. Skiptið yfir á prj no 7 og prjónið áfram eins. Setjið prjónamerki þar sem umferðin byrjar. Aukið út á miðri undirermi í tíundu hverri umferð fimm sinnum þannig: Þegar ein lykkja er eftir að prjónamerki er búin til ný lykkja með því að snúa upp á bandið milli lykkjanna. Í fyrsta skipti er sú lykkja prjónuð brugðin og því er sú síðasta prjónuð slétt og fyrsta lykkja næstu umferðar prjónuð brugðin og síðan búin til ný lykkja á sama hátt nema hún verður slétt. Þetta snýst við í næstu útaukningu og þannig koll af kolli til að stroffprjónið haldist rétt.

Þegar ermin er orðin 49 sm eru prjónaðar áfram 4 lykkjur og síðustu 7 lykkjurnar settar á geymsluprjón, fyrsta og síðasta lykkjan eiga að vera brugnar. Prjónið hina ermina eins.

Berustykki

Prjónið ermar við bol og setjið prjónamerki í leiðinni þannig:

Setjið gult prjónamerki þrjár lykkjur til baka frá handvegi. Prjónið 4 lykkjur af ermi og setjið þar grænt prjónamerki. Milli prjónamerkjanna eru þá 7 lykkjur sem marka af laska NO 1 og eru fyrsta og síðasta lykkjan brugnar. Þegar 4 lykkjur eru eftir að hinum handveginum er merkt fyrir laska NO 2 með gulu prjónamerki og síðan grænu eftir þriðju lykkjuna á bolnum. Merkið þannig á sama hátt við laska NO 3 eins og NO 1 og NO 4 eins og NO 2 við hina ermina. Klárið umferðina.



Úrtökur bolmegin við laska eru gerðar í hverri umferð 6 sinnum og síðan í annarri hverri umferð 6 sinnum. Engar fleiri úrtökur þar til úrtökum ermamegin lýkur.

Úrtökur ermamegin við laska ert gerðar þannig:

4. umferð x 1

3. hverri umferð x 5

2. hverri umferð x 3

Hverri umferð x 3

Skiptið yfir á styttri prjón þegar hentar

Færið gula prjónamerkið við laska NO 1 um 4 lykkjur inn á laskann að ermahlutanum og græna prjónamerkið við laska NO 2 á sama hátt, 4 lykkjur inn á laskann. Endurtakið við laska NO 3 og 4. Hin prjónamerkin má fjarlægja. Nú eru gerðar úrtökur í hverri umferð við prjónamerkin og áfram farið eftir leiðbeiningum samkvæmt litunum á prjónamerkjunum.

Eftir 12 umferðir eru 19 lykkjur á miðju framstykki settar á lengri geymslunæluna og haldið áfram að prjóna fram og til baka til að hækka bakhlutann. Úrtökur halda áfram á sama hátt og eru þá prjónaðar brugnar frá röngunni. Prjónið að nælunni og snúið við en takið fyrstu lykkjuna fram af prjóninum óprjónaða. Prjónið að nælunni hinum megin og snúið við á sama hátt. Prjónið því næst þar til 2 lykkjur eru að nælunni og snúið við báðum megin og að lokum tvisvar þegar ein lykkja er eftir og snúið við, eins báðum megin. Prjónið áfram upp 4 umferðir. Þegar komið er að því að snúa við eftir að úrtakan kemur inn í laskann er hún gerð með því að prjóna endalykkjurnar tvær saman bæði í lok umferðar og byrjun. Nú eiga að vera eftir 11 lykkjur á milli prjónamerkjanna á bakinu.

Kragi

Takið upp allar lykkjurnar í hálsmálinu á prjón no 5 og í leiðinni lykkjur í götunum sem mynduðust við að prjóna fram og til baka.

Prjónið saman tvær lykkjur þar sem við á til að láta stroffprjónið halda eðlilega áfram og þá ættu að vera á prjóninum upb 72 lykkjur. Prjónið áfram þar til kraginn er hæfilega langur, hér voru prjónaðir 13 sm. Fellið laust af.

Frágangur

Lykkið saman undir handvegi og gangið frá endum.

Þvoið peysuna í volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyrvægi 23, Selfossi // 555-1314



STARF

Ert þú mannvirkja- manneskja?

Landsvirkjun leggur áherslu á að nýta þær auðlindir sem fyrirtækinu er trúað fyrir á sjálfbæran og hagkvæman hátt. Liður í því er reglulegt viðhald og endurbætur á aflstöðvum fyrirtækisins.


Við leitum að verkefnisstjóra í starf viðhaldsstjóra mannvirkja á Suðurlandi. Verkefnin eru fjölbreytt. Í þeim felst meðal annars að hafa umsjón og eftirlit með mannvirkjum og viðhaldsverkefnum, áætlanagerð vegna innkaupa og kostnaðareftirlit verkefna, ásamt því að hafa umsjón með teikningum og tæknigögnum á svæðinu. Starfið heyrir undir svið Vatnsafls og er starfsstöð í Búrfelli.

Hæfni og reynsla:

- Menntun sem nýtist í starfi, á byggingasviði, húsasmíði, múriðni eða byggingafræði
- Góðir samskiptahæfileikar, sveigjanleiki og drifkraftur í starfi
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vottun sem byggingastjóri er kostur
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf



Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við
skógrækt



Eitt tré fellt =
Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lág-
markar orkunotkun



Umhverfissvottaður
pappír notaður
við framleiðsluna



Umhverfissvottaður
farfi notaður
við framleiðsluna



Endurnýtanlegt
hræfni



Stuðlað að full-
nýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hemla 2 lóð - Deiliskipulagstillaga

Skipulagið nær til um 1,2 ha landspildu Hemlu 2 lóðar L211860 ásamt um 3 ha spildu sunna lóðarinnar úr landi Hemlu 2 L163948. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum. Á B1 er 45 m² frístundahús sem heimilt er að stækka upp í allt að 80 m². Á B2 er heimilt að byggja allt að 4 gestahús, hvert um sig allt að 20 m².

Rauðsbakki - Deiliskipulagstillaga

Skipulagið gerir ráð fyrir 1000 m² viðbyggingu við núverandi byggingu, á allt að tveimur hæðum, ásamt allt að 100 m² af byggingum fyrir sauna, baðhús og aðra heilsutengda þjónustu. Hámarksbyggingarmagn á lóðinni verður 2400 m² og hámarkshæð bygginga allt að 8,0m. Hæð núverandi húsa er 7,0m.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 26. október nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögunar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 7. desember nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Alþjóðadagur iðjubjálfunar

Í dag, 27. október, er alþjóðadagur iðjubjálfunar. Fyrsti starfandi iðjubjálfinn á Íslandi hóf störf á Kleppsspítala árið 1945 og síðan þá hefur iðjubjálfun á Íslandi verið í vexti. Í fyrstu voru iðjubjálfnir fáir og ekki var hægt að sækja sér menntunina hérlandis. Iðjubjálfafélag Íslands var stofnað árið 1976 og lengi vel var það eitt helsta baráttumál félagsins að koma upp námi í iðjubjálfun á Íslandi. Árið 1997 var námi til BSc gráðu í iðjubjálfunarfræðum komið á laggirnar við Háskólann á Akureyri og síðan þá hefur fjölgun iðjubjálfa á Íslandi verið mun örari.

Flestir hafa heyrt af iðjubjálfun en vita oft ekki nákvæmlega hvað felst í þjónustu iðjubjálfa. Svo hvað er iðja og hvað er iðjubjálfun? Iðja er allt það sem fólk tekur sér fyrir hendur til að annast sig og sína, njóta lífsins og leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Iðja er því t.d. vinna, að stunda áhugamál, elda mat, keyra bíl, klæða sig, versla o.fl. Iðja fólks endurspeglar sjálfsmynd þess og gegnir hlutverki í því að átta sig á eigin markmiðum og gildismati. Allt sem á einhvern hátt minnkar möguleika einstaklingsins til að framkvæma þá iðju sem annað hvort er nauðsynleg eða veitir gleði og hamingju getur því haft skaðleg áhrif á heilsu og velliðan. Iðja og heilsa eru því samofin og hafa víxlverkandi áhrif.

Kjarninn í þjónustu iðjubjálfa er iðju- og skjólstæðingsmiðuð nálgun og hafa iðjubjálfar mjög heildstæða sýn á samspil ein-

staklings, umhverfis og iðju. Þeir horfa eftir því hvort og þá hvernig skerðing einstaklingsins aftrar honum í að framkvæma daglega iðju. Starf iðjubjálfs er því fólgið í því að vinna með skjólstæðingum sínum að því að efla þátttöku þeirra og færni með heilsu og velliðan að leiðarljósi og með því valdefla þá, auka sjálfstæði þeirra, lífsfyllingu og trú á eigin getu. Það getur verið gert á ýmsan hátt allt eftir því hvað það er sem veldur því að einstaklingurinn getur ekki framkvæmt ákveðna iðju. Í sumum tilfellum þarf að aðlagða umhverfið, í öðrum veita fræðslu og ráðgjöf, í enn öðrum þarf að aðlagða iðjuna, þ.e.a.s. breyta því hvernig við framkvæmum ákveðin verk og í sumum tilvikum þarf beina færnipjálfun.

Starfsvettvangur iðjubjálfa er mjög fjölbreyttur og sem dæmi má nefna vinna iðjubjálfar á leikskólum, sjúkrahúsum, endurhæfingarstofnunum, grunnskólum, hjúkrunar- og dvalarheimilum, dagbjálfunum,

hjálparkækjandiðstöðvum, sam-tökum og fyrirtækjum í einkarekstri og svona mætti lengi telja. Almennar viðhorfsbreytingar og aukin fagvitund iðjubjálfa hafa gert það að verkum að þjónustan er alltaf að færast meira yfir í nærumhverfi fólks og iðjubjálfar eru orðnir virkari þátttakendur í teymsivinnu þar sem þjónustubegar eru í lykilhlutverki og þeirra þarfir, vonir og væntingar stýra þjónustunni.

Yfirskrift alþjóðadags iðjubjálfunar 2022 er „Tækifæri + val = réttlæti“. Við iðjubjálfar á Suðurlandi hvetjum þig því, kæri lesandi, til þess að velta því fyrir þér hvort þú og/eða fólk þínt þínu nærumhverfi búið við iðju-réttlæti, þ.e.a.s. fá allir tækifæri og val til þess að sinna þeirri iðju sem þeir þurfa og langar til að sinna, eða er t.d. eitthvað í umhverfinu okkar sem hindrar þátttöku ákveðins hóps/einstaklinga og hvað getum við gert til að breyta því?

Iðjubjálfar á Suðurlandi



Leikskólabörn vilja úrbætur á gangbrautamerkingum

Leikskólinn Goðheimar tók Lá Selfossi á dögunum þátt í verkefninu Göngum í skólann, sem er á vegum Íþrótt- og Ólþjúsambands Íslands, Embætti landlæknis, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ríkislögreglustjóra, Samgöngustofu, Slysavarnarfélagssins Landsbjargar og Heimilis og skóla. Göngum í skólann var sett miðvikudaginn 7. september og lauk formlega miðvikudaginn 5. október. Verkefnið gekk framar öllum vonum í Goðheimum og voru starfsmenn, foreldrar og börn sérlega dugleg að velja sér virkan ferðamáta á leið í og úr leikskóla.

„Við tengdum verkefnið við umferðaröryggi og kláruðu öll börnin á elstu deildinni Umferðarskólann ásamt því að fá aðalvarðstjóra lögreglunnar á Selfossi í heimsókn. Á Göngum í skólann daginn, miðvikudaginn 5. október, fóru allar deildir leikskólans í skráðgöngu um nágrenni leikskólans. Yfirskrift skráðgöngunnar var umferðaröryggi. Börnin á Regnboga (elstu börn leikskólans) gerðu

skráningu á umferðaröryggi og var niðurstaðan sú að gangbrautir væru sjaldnast merktar í samræmi við lög og reglugerðir. Gangbrautir eiga að vera merktar með umferðarmerki báðum megin akbrautar og einnig með yfirborðsmerkingum, hvítum línunum þversum yfir akbraut. Hverfið er nýlegt og stendur eflaust til að bæta úr þessu en við viljum gjarnan ýta á eftir því að úrbætur verði gerðar sem fyrst til þess að tryggja öryggi vegfarenda á leið í og úr leikskóla,“ segir Sigríður Björk Marínósdóttir, verkefnisstjóri Heilsueflandi leikskóla í Goðheimum.



Viltu verða slökkviliðsmaður?

Brunavarnir Árnessýslu auglýsa eftir slökkviliðsmönnum, af öllum kynjum, til starfa á starfsstöðvum sínum á Selfossi, Laugarvatni, Flúðum, Reykholti, Árnesi, Hveragerði og Þorlákshöfn.

Um er að ræða hlutastörf í útkallsliði B.A.

Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og umsóknarferlið má finna á heimasíðu Brunavarna Árnessýslu www.babubabu.is

Kynningarfundur fyrir áhugasama verður í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi þriðjudaginn 1. nóvember kl. 20.00.

Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember 2022

Nánari upplýsingar veitir
Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri,
larus@babubabu.is eða í síma 480-0900



Mynd: Emilia Sól Gústavsdóttir

Enginn tími fyrir hik

Snyrtivöruverslunin SHAY fagnar eins árs afmæli um þessar mundir og stendur til að halda upp á það með pompi og prakt með heilli afmælisviku, fullri af tilboðum, kaupaukum og veisluhöldum. Afmælisvikan tekur flugið um helgina, en þau 50 fyrstu sem versla í SHAY á laugardag fá veglegan gjafapoka með kaupunum og verður SHAY hanastél sem þær systur þróuðu í samstarfi við barbjóna Tryggvaskála frumsýnt í tilefni dagsins. Til að slá botninn í afmælisvikuna ætla þær svo að kynna nýtt vörumerki í opinni afmælisgleði sem hefst kl. 22 í Tryggvaskála þann 5. nóv þar sem SHAY hanastélið verður á tilboðsverði.

Systurnar Íris og Margrét Lea Bachman Haraldsdætur eru konurnar á bakvið SHAY og kemur innblástur þeirra úr ólíkum áttum þó að snyrtivörur séu sameiginleg ástríða þeirra beggja.

„Ég hef verið í um 10 ár í þessum snyrtivörubransa og hef alltaf elskað hann, þetta hefur lengi verið draumur hjá mér. Margrét fór í BA nám í fashion marketing and communication í Barcelona. Þar lærði hún inná viðskipti og markaðsfræði og kviknaði mikill áhugi hjá henni á fyrirtækjarekstri, samfélagsmiðlum, tísku og fleira,“ segir Íris sem er með meistaraþróf í snyrtifræði, en þær systur eru báðar lærðir förðunarfræðingar.

Sjúkar í sólarvörn

Vinsælustu vörurnar í SHAY eru fjölbreyttar, en þar ber að nefna crossiant hárklemmu sem þykir algjört þarfabing, augnháserum frá Grande Lash sem lengir og þéttir augnhár, Lancome lash idole, uppáhalds maskarann hennar Írisar sem gerir „ALLT“ og Erborian CC krem sem lita-leiðréttar, jafna áferð og veita húðinni góðan raka. „Sólarvörn er svo eitthvað sem við systur viljum að öll venji sig á, spf 50 alla daga, allan ársins hring er okkar mottó, en Thank you farmer sun project Water sun cream er ein af mest seldu vörunum okkar.“

Þetta var eitthvað sem átti 100% að gerast

Opnun SHAY kom til vegna breyttra aðstæðna í fjölskyldunni, Íris og Margrét unnu báðar í Reykjavík og keyrðu daglega á milli en eftir að Íris varð tveggja barna móðir og einstæð í ofanálag kom hugmyndin að opnun SHAY

upp í fæðingarorlofinu og tók öll fjölskyldan vel í hana. „Við erum að tala um hugmyndin kom uppá yfirborðið í apríl 2021 og varð að veruleika í október 2021! Þannig allt gerðist mjög hratt, það var enginn tími fyrir hik. En við fjölskyldan elskuðum hvert skref og hefðum ekki getað þetta án hvors annars,“ segir Íris, en Eygló og Haraldur, foreldrar þeirra hafa staðið þétt við bakið á stelpunum sínum í þessu stóra verkefni. „Þetta gerðist allt svo hratt og allt gekk upp, þetta er eitthvað sem átti 100% að gerast. Þetta var smá óraunverulegt lengi og við systur hugsuðum oft bara ha? Við erum búnar að opna okkar eigin verslun í þessum geggjáða nýja miðbæ. En eftir að boltinn fór að rúlla þá gerðist allt mjög hratt og við fjölskyldan lögðum okkur öll 110% fram til þess að þetta gæti orðið að veruleika“

Við elskum áskoranir

Aðspurðar hvað hafi komið þeim mest á óvart við það að hefja rekstur segja stelpurnar að ábyrgðin vegi þungt. „Við erum algjörlega ábyrgar fyrir öllu, það gerist ekkert nema við gerum það sjálfar. Þetta er fyrsta fyrirtæki okkar beggja og við höfðum þar af leiðandi ekki neina reynslu í fyrirtækjarekstri þegar við opnuðum SHAY. Síðasta ár hefur verið mikill lærdómur og við höfum báðar þroskast mikið, bæði í samskiptum við hvor aðra og í tengslum við viðskipti. Við erum með stórar hugmyndir fyrir framtíðina, við elskum að betrubæta okkur og verslunina. Fyrst og fremst ætlum við að halda í faglega þjónustu til að geta mætt okkar viðskiptavinum. Við erum á fullu núna að vinna í netverslun til þess að mæta betur nærumhverfi okkar, það verður gaman að halda áfram að læra og þróa fyrirtækið næstu árin. Við eigum enn margt ólært og það koma nýjar áskoranir nánast daglega, en við elskum þær,“ segja stelpurnar kátar. „Við erum þakklátar fyrir hvor aðra, það er alls ekki sjálfgefið að vinna með systur sinni í drauma starfi og stöðu og eiga svona frábært systra samband og fjölskyldu. Án fjölskyldunnar, vina, kunningja og viðskiptavina þá væri SHAY ekki til! Við erum óendanlega þakklátar fyrir mjög góðar móttökur og hlökkum til þess að halda áfram að taka á móti ykkur í litlu versluninni okkar,“ segja Íris og Margrét að lokum.

Birkifræbankinn safnar fræi

Landsverkefnið Söfnum og sáum birkifræi hvetur landsmenn til að skila nú á söfnunarstöðvar því fræi sem safnast hefur. Nokkuð vantar upp á að markmið ársins hafi náðst. Enn er líka nóg af fræi á trjánum og fram undan góðir veður dagar til að safna.

Nú er fræsöfnunartíminn í hámarki og eru landsmenn allir sem vettlingi geta valdið hvattir til að fara út að tína meðan tíðin er góð. Mest er um fræ á norður- og austurhluta landsins þetta árið og þótt minna sé í öðrum landshlutum ætti það ekki að fæla fólk frá að tína því víðast hvar má finna gjöful tré til að tína af. Fræið helst gjarnan á trjánum langt fram á vetur.

Öllum er mögulegt að verða fræsafnarar og frægjafar

Verkefnið gefur almenningi færi á að leggja sitt af mörkum til landbótastarfs og stuðlar þannig að auknum skilningi á mikilvægi landbótastarfs í baráttunni gegn

loftslagsbreytingum. Markið er sett á að auka þekju birkiskóga og birkikjarrs úr 1,5% landsins í 5% áður en áratugurinn er úti. Það er markmið Íslands í svokallaðri Bonn-áskorun Evróplanda um aukna skógarþekju í þágu manns og náttúru.

Tökum þátt í að safna birkifræi í haust og annað hvort

sáum því sjálf í valin svæði eða skilum því í sérstaka merktu kassa í Bónusverslunum eða Olísstöðvum um allt land. Deilum myndum og frásögnum á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #birkifræ og notum @birkifræ til að tengja innleggin samfélagsmiðlum fræsöfnunarinnar.



Mynd: Hreinn Óskarsson



Jólahlaðborð í sveitakyrrið

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólavöldverður 9.500 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

15.500 kr. á mann í 2ja manna herbergi
19.000 kr. fyrir eins manns herbergi
Innifalið er jólavöldhlaðborð ásamt morgunverðarhlaðborði.

25. og 26. nóvember
2. og 3. desember
9. og 10. desember

Nánari upplýsingar og borðapantanir á info@eldhestar.is

HÓTEL
Eldhestar

Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin á fimmtudögum
kl. 13-15.

OPIÐ HÚS

fim. 27. okt. kl. 14:45.
Kaffi og meðlæti.

Gestur er Berglind Elíasdóttir
og fjallar um eitt og annað
heilsusamlegt.

PÚTT

hefst 9. nóv. hjá GOS
kl. 10:00.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Batasetursins
verður haldinn þann 14.
nóvember 2022 kl. 16 í
húsnæði klúbbsins Stróks,
Skólavöllum 1.
Fundarefni er slit félagsins.

BÍLAR



Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa í Selfosskirkju sunnu-
daginn 30. október kl. 11.
Prestur sr. Arnaldur Bárðarson.
Kirkjukór Selfoss syngur og
Ester Ólafsdóttir leikur á orgel.
Sunnudagaskólinn verður á
sínu stað í Selfosskirkju kl. 11
með söng og gleði við allra hæfi.
Allir eru hjartanlega velkomnir.

Gaulverjabæjarkirkja

Guðsþjónusta í Gaulverjabæjar-
kirkju sunnudaginn 30. október
kl. 14. Arnaldur Bárðarson þjón-
ar fyrir altari. Organisti Haukur
Arnarr Gíslason. Kór Gaulverja-
bæjarkirkju syngur. Allir eru
hjärtanlega velkomnir.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 29. októ-
ber. Biblíulexiur kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12, ræðu hefur Eric
Guðmundsson. Verið velkomin.

Skálholtsprestakall
Vísitasía Biskups Íslands

Biskup Íslands Vísitaserar Skál-
holtsprestakall dagana 28.-30.
október. Stutt guðsþjónusta
verður í öllum kirkjum presta-
kallsins. Messað verður í Skál-
holtsdómkirkju og Sólheim-
kirkju og mun Biskup Íslands frú
sr. Agnes Sigurðardóttir prédika.

Föstudagur

28. október

Kl. 9-10 Haukadalskirkja
Kl. 10:30-11:30 Úthlíðarkirkja
Kl. 13:15-14 Bræðratungukirkja
Kl. 14:30-15:30 Torfastaðakirkja
Kl. 17:20 Miðdalskirkja

Laugardagur

29. október

Kl. 9-10 Mosfellskirkja
Kl. 10:30-11:30 Stóruborgark.
Kl. 13-14 Búrfellskirkja
Kl. 14:30-15:30 Úlfliótsvatnsk.
Kl. 16:30-17:30 Þingvallakirkja

Sunnudagur

30. október

Kl. 9-10 Skálholtsdómkirkja
Kl. 11-12 Messa í Skálholtsd.k.
Kl. 4:00 Sólheimar messa

ÞRIÐJUDAGSSAMVERA
Í SELFOSSKIRKJU

Verið velkomin til þriðjudagssamveru í
Selfosskirkju þann 1. nóvember kl. 14.

Gestur samverunnar
að þessu sinni er Fjóla
Kristinsdóttir bæjarstjóri
Árborgar sem segir okkur
frá hugðarefnum sínum.

Kaffið verður heitt að
vanda og andrúmslofið
heimilislegt með söng
og góðu spjalli.



Árshátíð FEB Selfossi 2022 verður
haldin föstudaginn 11. nóvember nk.
í aðalsal Hótel Selfoss uppi.

Húsið verður opnað kl.18:15
en samkoman hefst kl.19:00.

Boðið verður uppá skemmtiatriði,
happdrætti, leynigesti.

Matseðil er að hætti hússins:
Steikarhlaðborð og eftirrétt.

Jón Bjarnason mun sjá um veislustjórn
og tónlist til kl. 24

Sala aðgöngumiða fer fram í
anddyri að Grænumörk 5,
miðvikudaginn 9. nóv. kl. 13 - kl.14.

Miðaverð er 7.500 krónur. (óbreytt frá 2019)

Dagþjónusta fyrir eldri borgara í Uppsveitunum

Bryn þörf er fyrir dagþjón-
ustu fyrir eldri borgara í
uppsveitum Árnassýslu og hafa
sveitarfélög á svæðinu undan-
farið samþykkt að hefja vinnu
við undirbúning að slíkri starf-
semi.

Í Hrunamannahreppi var
fjallað um málið á fundi
sveitarstjórnar þann
20. október sl.

Á fundinum var
lögð fram grein-
ing starfsmanna
Heilsugæslunnar
í Laugarási og
velferðarþjónust-
unnar í Uppsveit-
unum á þörf fyrir dag-
þjónustu fyrir eldri borgara
á svæði þeirra.

Tildrög þessa eru þau að
sveitarfélögin Bláskógabyggð,
Grímsnes- og Grafnings-
hreppur og Hrunamannahreppur
sóttu um til heilbrigðisráðu-
neytisins að komið yrði á fót



hjúkrunarheimili í Uppsveitum
Árnassýslu. Á fundi sem full-
trúar sveitarfélögunna áttu með
starfsmönnum ráðuneytisins í
vor kom fram að um langtíma-
verkefni væri að ræða sem tæki
tíma að koma á fjármála- og
framkvæmdaáætlun hjá rik-
inu. Umsókninni var vel
tekið og því sýndur
skilningur að þörf
væri fyrir úrræði
á þessu svæði.

Starfsmenn ráðu-
neytisins ræddu
m.a. um það hvort
þörf væri á dag-
þjónustu fyrir eldri
borgara á svæðinu. Á
fundinum sem fulltrúar sveitar-
félögunna í Uppsveitum og Flóa
áttu með fulltrúum HSU og fé-
lagsþjónustunnar í Laugarási í
vor kom fram það mat starfs-
manna sem koma að heima-
hjúkrun og heimaþjónustu að
þörf væri fyrir slíkt úrræði.

Í framhaldi af því samþykktu
öll sveitarfélögin sem eiga aðild
að félagsþjónustunni í Laugarási
að kanna nánar þörf fyrir dag-
þjónustu (dagdvöl) á svæðinu.

Niðurstaða greiningarinnar
liggur fyrir og er ljóst að um-
talsverð þörf er á því að komið
verði upp dagvistunar úrræði
fyrir eldri fólk á svæðinu.

Til að vinna áfram að mál-
inu hefur verið samþykkt að
hvert sveitarfélögunna tilnefni
einn fulltrúa í starfshóp sem
undirbúi umsókn til heilbrigðis-
ráðuneytisins um dagþjónustu-
rými fyrir svæðið, vinni áætlun
um reksturinn og greini hvaða
staðsetning og húsnæði myndi
henta.

Sveitarstjórn Hrunamanna-
hrepps tilnefndi Aldísi Hafstein-
dóttur til setu í starfshópnum
og fól jafnframt Samráðshópi
um öldrunarmál í Hrunamanna-
hreppi að fjalla um málið.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Klif L167134; Skilgreining landsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2201035

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. september 2022 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna landsins Klif, L167134. Í breytingunni felst að hluti skilgreinds frístundasvæðis er breytt í landbúnaðarsvæði.

2. Úthlíð L167514; VÞ15 Breyttar heimildir; Aðalskipulagsbreyting - 2209074

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2022 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Úthlíðar, L167514. Svæðið sem lýsingin tekur til nær yfir hluta jarðarinnar, norðvestan Laugarvatnsvegar (37) og beggja vegna vegar að Úthlíð. Í Úthlíð er verslunar- og þjónustusvæðið VÞ15. Þar er verslun, veitingastaður, sundlaug, tjaldsvæði, eldsneytissala, orlofshús, starfsmannahús, hestaleiga og afþreyingarferðir. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu s.s. byggingu gistiheimilis/hótelis fyrir allt að 180 gesti og stækkun sundlaugarsvæðis. Stærð svæðis er um 21 ha. Með breytingunni stækkar svæðið í u.þ.b. 25 ha, yfir svæði sem í dag er landbúnaðarsvæði. Hluta verslunar- og þjónustusvæðisins VÞ15 verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem heimild verður fyrir hjólhýsasvæði og tjaldsvæði. Stærð þess svæðis er u.þ.b. 5 ha. Í Úthlíð er mikil frístundabyggð og einnig ýmiss konar þjónustustarfsemi tengd henni. Markmiðið með breytingunni er að efla þjónustu á staðnum.

3. Hólakot L166762; Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2209063

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. október 2022 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar í landi Hólakots, L166762. Í breytingunni felst að landnotkun skika úr landi Hólakots verði breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

4. Austurey 1 (L167622) og 3 (L167623); Breytt landnotkun; Breytt vegstæði; Aðalskipulagsbreyting - 2107015

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar í landi Austureyjar 1, L167622 og 3, L167623. Í breytingunni felst að frístundalóðinni Eyrargötu 9 er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Einnig verður gerð breyting á aðkomuleið, Vagnbraut, auk annarra minniháttar breytinga á götum.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. Galdramýri L223808; Deiliskipulag - 2208076

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. október 2022 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til lands Galdramýrar, L223808. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins þar sem m.a. er gert ráð fyrir heimildum sem taka til íbúðarhúss, skemmu og gestahúsa.

6. Löngudælaholt frístundasvæði; Breyting og samræming deiliskipulags - 2104081

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis að Löngudælaholti. Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina betur núverandi frístundabyggð út frá staðbetri grunnögnum. Fyrir liggur undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægða frá vegum, ám og vötnum.

7. Neðan-Sogsvegur 41 L169422; Fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2210013

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. október að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til fjölgunar lóða og skilgreiningu byggingarreita innan lóðar Neðan-Sogsvegur 41. Lóðin er í dag skráð í óskiptri sameign en innan gildandi deiliskipulags er gert ráð fyrir fjórum sumarhúsum á tveimur byggingarreitum innan lóðarinnar sem er alls um 17800 fm.

8. Öndverðarnes, Kambshverfi, Hlíðarhólsbraut; Frístundabyggð; Stækkun lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2209106

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. október að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Hlíðarhólsbrautar innan Kambshverfis í landi Öndverðarness. Í breytingunni felst að lóðir norðan Hlíðarhólsbrautar eru færðar nær götunni og er stækkun þeirra mismunandi. Þetta er gert til að svæði frá lóðunum að vegi verði ekki til vansa fyrir lóðarhafa og sem annars yrði óhírt í eigu Öndverðarness ehf.

9. Ásatúnsvallarland L218490; Deiliskipulag - 2206005

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. október 2022 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til lands Ásatúnsvallarlands, L218490. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins sem er skilgreint sem landbúnaðarland innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss allt að 300 fm, hesthúss eða skemmu allt að 250 fm auk allt að 6 ferðaþjónustuhúsa innan hámarks byggingarmagns að 300 fm.

10. Austurey 1 og 3; Eyrargata 9 og Illósvegur 6; Deiliskipulagsbreyting - 2202048

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Austureyjar 1 og 3, Eyrargötu 9 og Illósvegur 6, þar sem lóð Eyrargötu 9 er skilgreind sem lóð fyrir gistihús í stað frístundahúss auk þess sem breyting er gerð á legu lóðar og byggingarreitar Illósvegur 6 og skilgreindar byggingarheimildir.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.fludir.is, www.gogg.is, www.floahreppur.is og www.skeidgnup.is

Mál nr. 1, 2 og 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 27. október 2022 til og með 18. nóvember 2022.

Mál nr. 4 - 10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 27. október 2022 með athugasemdafrest til og með 9. desember 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is


Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

Krullur og koppafeiti í söngkeppni FSu

Söngkeppni Framhaldsskólanna hefur lengið vel verið vinsæll viðburður og þá sérstaklega hjá framhaldsskólanemum. Keppnin er haldin ár hvert og er oftast en ekki sýnd í sjónvarpinu, þar sem fulltrúar hvers skóla koma fram. Í lang flestum skólum er fulltrúi skólans valinn með undankeppni á vegum skólans. Þar er FSu engin undantekning á og er undankeppnin þeirra sögð vera með yfirbúðum þegar kemur að gæðum, skreytingum og skipulagi.

Það sem gerir keppnina en flottari er það að hún hefur ár hvert alltaf einhverskonar þemu og er grafík, skreytingar og skemmtiatriðin í anda þess. Að þessu sinni er þemað Grease og hafa skipuleggjendur keppninnar verið á fullu við undirbúning. Þetta hefur ekki verið nein smá vinna, enda getum við lofað áhorfendum veislu!

Ellefu frábær atriði munu keppa til sigurs að þessu sinni ásamt því að áhorfendur fá að sjá frábær skemmtiatriði, til dæmis sigurvegara Söngkeppni fram-



haldsskólanna frá því í fyrra, þar sem FSu kom, sá og sigraði og auðvitað njóta skreytinga og góðgætis sem verður selt í sjoppunni á staðnum. Miðasala fyrir keppnina er hafin inn

á nfsu.is og hvetjum við öll til þess að mæta þann 3. nóvember út í Íðu, þar sem skemmtunin fer fram en hún hentar öllum aldurshópum.

Víkin vígð við hátíðlega athöfn

Síðastliðinn laugardag var Víkin, glæsilegt nýtt félagsheimili Stangaveiðfélags Selfoss á Fossnesi við Ölfusá vígt við hátíðlega athöfn en nafnið er dregið af veiðisvæðinu sem félagsheimilið stendur við.

Formaður SVFS, Guðmundur Marías Jónsson, hélt tölu þar

sem hann þakkaði sérstaklega bæjaryfirvöldum í Árborg og Gunnari Egilssyni, fyrrverandi bæjarfulltrúa, fyrir stuðninginn við byggingu félagsheimilisins sem átti sér langan aðdraganda. Fyrsta skóflustungan var tekin sumarið 2016 og síðan þá hafa félagsmenn byggt húsið í sjálf-

boðavinnu en hluti hússins var tekinn í notkun sumarið 2021.

Örn Grétarsson afhjúpaði skilti með nafni hússins, en félagið hafði boðað til nafnasamkeppni innbyrðis og nafnanefnd í kjölfarið sammælt um að húsinu skyldi gefið nafnið Víkin.

HGL



Mynd: Dagskráin/ÁRÓ

Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar

Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

**TAXI
SELFOSSI**
482-3800

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

*Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús*

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

**Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

**Sprettur
ÁBURÐUR**


Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



FYLGDI
Útfarabjónusta



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**


www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi

**Hjólbarðabjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Rétting
og málun**

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is